

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	29.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandarvegi 1 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsværksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Eyrún Guðmundsdóttir og Sindri Sigurðsson	Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað seint. 2. TVN mælingar fóru þrisvar sinnum yfir mörk starfsleyfis. 3. Fitugildra fylltist og lak inn á neysluvatnslögn. 4. Flæddi upp úr blóðvatnstanki og blóðvatn rann til sjávar.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlit fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsværksmiðju Síldarvinnslnnar á Seyðisfirði. Fiskimjölsværksmiðja Síldarvinnslnnar á Seyðisfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. október 2014 og gildir til 29. október 2030. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr 1.400 tonnum á sólarhring, af fiski, afskurði og aukaafurðum sem ætlaðar eru til vinnslu í værksmiðjunni.

Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir
6. Skoðunarferð
7. Fylgiskjöl

1. Ekkert frávik kom fram í eftirliti fyrir árið 2022 sem var framkvæmt árið 2023. En þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið árið 2023 fór fram. Eitt þeirra var ennþá opið eftir að eftirlitið hafði átt sér stað, það átti eftir að þykktarmæla lýsisgeyma. Rekstraraðili skilað inn þykktarmælingu fyrir lýsisgeyma 23. október 2023 fyrir tank númer þrjú og 14. nóvember 2023 fyrir tank númer eitt og tvö og er því frávikinu lokað. Rekstraraðili brást við öllum ábendingum sem voru settar fram árið 2023.

Tvö mengunarslys urðu árið 2024. Fitugildra fylltist 23. apríl 2024 og flæddi inn á neysluvatn í íbúabyggð nærliggjandi húsa, sem er frávik. Restaraðili brást strax við og viðbragðsáætlun fór í gang. Öllum lögnum í þeim húsum sem óhappið hafði áhrif á var skipt út og lagfært, er frávikinu því lokað. Seinna óhappið átti sér stað 29. apríl 2024, það flæddi upp úr blóðvatnstanki og blóðvatn rann til sjávar, rekstraraðili brást strax við og er því frávikinu lokað.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað inn 28. apríl 2025. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað inn 29. apríl 2024. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024 sem er frávik. Því var skilað inn 9. september 2024 og er því frávikinu lokað. Lýsisgeymar númer 1,2 og 3 voru þykktamældir árið 2023 og lagnir voru þrýstirprófaðar 21. nóvember 2022. Þrýstirprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á a.m.k. fimm ára fresti og eru því ekki gerðar athugasemdir við prófanirnar.

4. Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi en rekstraraðili er hvattur til að senda eftirlitsaðila upplýsingar um vinnsluhlé. Farið var yfir TVN mælingar frá janúar 2024 til ágúst 2025. TVN mælingar í febrúar 2024 fóru þrisvar sinnum yfir heimiluð mörk starfsleyfis sem er 100 mg N/100 g og er það því

frávik. Frárennslismæling var framkvæmd árið 2023 og 2024 og voru gildi innan marka starfsleyfis.

5. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar var til staðar. Rekstraraðila var bent á að setja mælanleg umhverfismarkmið.
6. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Framkvæmdum við efnafgeymslu er lokið og er frávik því lokað. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og pró umhverfis þá. Engin starfsemi var í vinnslunni þegar eftirlitið fór fram.
7. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.5 í starfsleyfi.	Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar. Flæddi upp úr fitugildru inn á neysluvatnslögn í nærliggjandi íbúabyggð. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt og er frávikinu lokað.
gr. 2.5 í starfsleyfi.	Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju og meðhöndlað í hreinsibúnaði. Flæddi upp úr blóðtanki og blóðvatn lak til sjávar. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt og er frávikinu lokað.
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Í febrúar árið 2024 fóru TVN mælingar þrisvar sinnum yfir heimiluð mörk starfsleyfis sem eru 100 mg/ N/100 g.
gr. 3.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2023, því var skilað inn 9. september 2024 og er frávikinu því lokað.

ÁBENDINGAR

Umhverfismarkmið skulu vera til staðar.

ANNAÐ

Rekstraraðili er minntur á að ef til rekstrarstöðvunar kemur skal rekstraraðili tilkynna til rekstrarstöðvun til eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir